

REGLUGERÐ

um stjórn lögreglurannsóknna, rannsóknardeildir, rannsóknaraðstoð og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála.

1. gr.

Rannsókn refsiverðra brota er í höndum lögreglu í því umdæmi þar sem þau eru framin. Lögregla annast rannsókn brota í samráði við ákærendur.

Sérstakar rannsóknardeildir, sbr. 8. gr. laga nr. 90/1996, annast rannsóknir manndrápa, rána, kynferðisbrota, brenna, alvarlegra fíkniefnabrota, alvarlegra líkamsárása, alvarlegra fjármunabrota, alvarlegra slysa og meiri háttar eldsvoða. Auk þess skulu rannsóknardeildir annast rannsókn brota telji lögreglustjóri, þar sem brot er framið, að rannsókn þess muni vera umfangsmikil og taka langan tíma.

2. gr.

Lögreglustjóri hefur forræði á rannsókn brota, sem framin eru í umdæmi hans.

Sá lögreglustjóri, sem rannsóknardeild á undir, fer með forræði á rannsókn máls, sem til rannsóknar er hjá rannsóknardeild hans.

Nú fremur maður fleiri en eitt brot í fleiri en einu lögregluumdæmi og skal þá rannsókn þeirra fara fram á vegum eins lögreglustjóra ef unnt er, enda valdi það ekki verulegum tögum á rannsókninni. Rannsókn máls skal sá lögreglustjóri að jafnaði annast, sem fyrstur hóf rannsóknina.

3. gr.

Berist lögreglustjóra í umdæmi sem ekki hefur rannsóknardeild vitneskja um mál sem ber að rannsaka hjá lögreglustjóra sem hefur rannsóknardeild, sbr. 8. gr. lögreglulaga, skal hann þegar tilkynna það viðkomandi lögreglustjóra, en jafnframt gera þær ráðstafanir í þágu rannsóknar, sem ekki má fresta, þar til rannsóknardeildin tekur við rannsókninni, svo sem frumathugun vettvangs, varðveislu sönnunargagna, handtöku brotamanns og athugun á því meðal viðstaddra hverjir hafi verið vitni að atburði. Þá skal lögreglustjórinn veita rannsóknardeild alla nauðsynlega aðstoð.

Verði lögreglustjóra ljóst við framvindu rannsóknar, að hún eigi undir rannsóknardeild, skal hann með sama hætti tilkynna það þegar til viðkomandi rannsóknardeildar.

4. gr.

Ef rannsókn máls er umfangsmikil, flókin eða kallar á ákveðna sérþekkingu, sem ekki er til staðar hjá viðkomandi lögreglustjóra, getur hann óskað eftir aðstoð frá öðru embætti vegna rannsóknar umrædds máls. Ber þeim lögreglustjóra, sem aðstoðarbeiðni er beint til, að verða við ósk um aðstoð, ef slíkt er unnt.

5. gr.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að setja verklagsreglur um samvinnu og samskipti lögreglustjóranna.

6. gr.

Einstakar rannsóknaraðgerðir í máli, utan þess lögregluumdæmis þar sem brot er framið, annast lögreglustjóri í því umdæmi sem sá dvelst, sem yfirheyra skal, eða vettvangur sá er eða

munir, sem rannsóknaraðgerð lýtur að, sbr. þó 2. mgr. 1. gr. Lögreglustjórar skulu aðstoða hver annan við rannsókn máls, með því m.a. að annast einstakar rannsóknaraðgerðir, eftir beiðni þar um.

Lögreglustjóri getur annast, eða falið undirmanni sínum að annast, rannsóknaraðgerð utan umdæmis síns, ef hætta er á að dráttur á aðgerðum lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi valdi sakarspjöllum. Lögreglustjóra í því umdæmi sem aðgerðin fór fram skal gert viðvart um hana eins fljótt og kostur er.

Við meðferð tiltekins máls geta lögreglustjórar samið um að lögreglustjóri sem annast rannsókn málsins megi annast rannsóknaraðgerð í þágu þess í umdæmi hins.

7. gr.

Lögreglustjórinn á Seyðisfirði skal rannsaka mál vegna innflutnings á fíkniefnum sem upp koma í tengslum við höfnina á Seyðisfirði eða flugvöllinn á Egilsstöðum. Í þeim tilvikum skal hann hafa náð samráð við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjóran á Suðurnesjum, vegna mögulegra tengsla við mál sem til rannsóknar eru hjá þeim embættum. Sama gildir um önnur mál vegna innflutnings fíkniefna sem upp koma í öðrum umdæmum og til rannsóknar eru í sérstökum rannsóknardeildum.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórinn á Suðurnesjum skulu hafa með sér náð og reglubundið samráð og samvinnu vegna rannsókna mála sem varða innflutning fíkniefna.

8. gr.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu metur, að höfðu samráði við lögreglustjóra í umdæmi þar sem brot var framið, hvort nauðsynlegt sé að senda mann eða menn frá tækni-deild til að aðstoða við vettvangsrannsókn, samkvæmt 4. mgr. 8. gr. lögreglulaga. Synjun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu má skjóta til ríkislögreglustjóra.

Ríkissaksóknari getur lagt fyrir lögreglustjóra að vísa máli til rannsóknardeildar.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 8. gr. og 40. gr. lögreglulaga, nr. 90/1997 með áorðnum breytingum, sbr. einnig 3. gr. laga nr. 46/2003, öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála nr. 1130/2006 með síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. febrúar 2008.

Björn Bjarnason.

Halla Bergþóra Björnsdóttir.